

1211. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. desember 2020, kl. 17:30 rafrænn fjarfundur í Zoom.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Friða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Ragnar Þór óskaði eftir að fá að skjóta inn nýjum dagskrárlið frá auglýstri dagskrá, sem kæmi inn sem dagskrárliður nr. 5 undir heitinu „Menntastefna VR“ og myndi þá númeraröð annarra dagskrárliða breytast samkvæmt því.

Samþykkt.

1. Fundargerð 1210. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1210. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og verður send í rafræna undirritun.

2. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði unnið að mörgum spennandi verkefnum um þessar mundir t.d. er varðar stuðningslánin. Það hefur þó gengið illa að fá þau á dagskrá stjórnvalda en mjög mörgum aðilum hefur verið kynnt hugmyndin og allstaðar verið vel tekið. Á föstudag var skipaður starfshópur þar sem Ragnar Þór mun eiga sæti og er hópnum ætlað að koma með tillögur um stuðning við heimilin og vonandi mun sú vinna ganga hratt fyrir sig.

Þá hefur verið til umræðu s.k. „grænbók“ sem átti að vinna samkvæmt tillögum í síðustu kjarasamningagerð á þann hátt að settur væri í gang vinnuhópur sem myndi greina vinnumarkaðinn og umhverfi kjarasamningagerðar. Þetta hefur leiðst út í það að vera umræða um algjöra endurskipulagningu vinnumarkaðarins og virðist sem markmið SA og stjórnvalda séu önnur en þau sem lagt var upp með í fyrstu. Svo virðist sem hugmynd þeirra sé að beisla vinnumarkaðinn með lagasetningu og að það sé bara ekki traust til staðar til að fara út í slíka vinnu. Miðstjórn ASÍ vill því að beðið verði með þessa vinnu a.m.k. fram að næstu þingkosningum.

Rætt hefur verið um stjórnskipulag lífeyrissjóðanna og þá sérlega er varðar afturköllun á umboði stjórnarmanna og það er það sem FME hefur kallað eftir. Við höfum sjálf unnið

slíka vinnu hjá okkur og munum senda okkar gögn til FME og það eru eflaust reglur sem hægt er að nota sem fyrirmynd.

Þá hefur verið rætt um að setja á laggirnar starfshóp um stofnun öflugs fréttamiðils á vegum verkálýðshreyfingarinnar og verður betur farið yfir það síðar á fundinum.

Þá ræddi Ragnar Þór nauðsyn þess að stjórn myndi skipa stjórn Öldungaráðs VR sem væri til bráðabirgða þar til stjórn þess verður kosin samkvæmt samþykktum reglum um ráðið sem samþykktar voru á stjórnarfundum í febrúar sl.

Þá fer nefndastarf ASÍ á fullt eftir áramót og svo mun verða settur kraftur í að reyna að koma starfsemi Blæs leigufélags af stað og skipaður starfshópur um það verkefni.

3. Uppgjör VR jan-sept. 2020

Stefán lagði fram skjölin *“Lykiltölur janúar til september 2020”, “Árshlutareikningur samstæða skipt á sjóði jan til sept 2020” og “Árshlutareikningur VR janúar til sept 2020 samstæða”* og fór yfir efni þeirra.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að félagsmönnum hafi fækkað um -1,8% frá sama tímabili í fyrra, afgreiðslum hefur fækkað um -59,3% sem skýrist auðvitað fyrst og fremst af Covid ástandinu þar sem skrifstofan hefur verið lokuð. Á móti hefur orðið aukning í heimsóknnum á vefinn vr.is og á Mínar síður félagsmanna. Nokkur fækkun hefur verið á fjölda kjaramála eða -19,4% og þá hafa færri félagsmenn nýtt sér styrki úr VR varasjóði sem nemur -14,5%. Aukning er um 16,1% í málum hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði og mikil fjölgun hefur verið meðal félagsmanna á hlutabótum atvinnuleysisbóta eða 54,8% og er það líka afleiðing Covid eins og margt annað um þessar mundir.

Tekjur félagsins á tímabilinu eru 3,2 milljarðar króna og gjöld einnig 3,2 milljarðar króna og er það samdráttur um -7,1%.

Styrkir úr sjúkrasjóði nema 1,4 milljarði króna og verða þær greiðslur væntanlega samkvæmt áætlun eða undir áætlun í lok árs. Eignir VR nema 15,2 milljörðum króna sem er aukning um 5,6% milli ára.

Þessu næst fór Stefán yfir tölur þessara liða á hvern félagsmann reiknað á ársgrundvöll.

Þá næst fór Stefán yfir helstu tölur árshlutareiknings þar sem kom m.a. fram að í rekstrartekjum eru félagsgjöld á pari við það sem var árið á undan eða 1,1 milljarður króna og 58 milljónum króna undir áætlun. Rekstrartekjur eru samtals 3,2 milljarðar króna sem er -9,9% undir áætlun. Rekstargjöld eru 3,2 milljarður króna og eru rekstrartekjur umfram gjöld -45,4 milljónir króna en á móti eru fjármunatekjur 1,1 milljarður króna og

fjármagnsliðir alls 833,9 milljónir króna og hreinar tekjur til ráðstöfunar því 788,4 milljónir króna.

Umræður.

4. Fjárhagsáætlun VR fyrir 2021

Stefán lagði fram skjölin *"Rekstraráætlun VR 2021 samstæða"*, *"Rekstraráætlun VR 2021 skipt á sjóði"* og *"Rekstraráætlun VR 2021 skýringar stjórn"*. Sagði Stefán að farið hefði verið vel yfir þessa áætlun á síðasta stjórnarfundinum þegar hún var kynnt og hefðu aðeins orðið örlitlar breytingar á áætluninni frá því sem kynnt var þ.e. smá breyting á fjárfestingaáætlun þar sem skipt væri út tveimur bifreiðum VR fyrir rafmagnsbifreiðar og að bætt var við kaupum á rafmagnshjólum til afnota fyrir starfsmenn innanbæjar vegna t.d. ferða á fundi. Væri þetta í samræmi við samþykktu umhverfisstefnu VR. Þá flyst hluti kostnaðar við gerð afmælisauglýsingar VR, í tilefni 130 ára afmælis félagsins í janúar n.k., yfir á árið 2021 þar sem ekki hefur verið hægt að klára gerð auglýsingarinnar vegna Covid ástandsins. Annað er óbreytt.

Loks fór Stefán örstutt yfir helstu tölur.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp fjárhagsáætlun VR fyrir 2021 til samþykktar eins og hún hefur verið kynnt.

Samþykkt samhljóða.

5. Menntastefna VR

Sigmundur, formaður Starfsmenntanefndar VR lagði fram skjalið *"Menntastefna VR 2020"* og fór yfir efni þess. Í máli Sigmundar kom fram að unnið hafi verið að stefnunni innan nefndarinnar undanfarið og samhliða henni verið stillt upp aðgerðaráætlun og það skjal geti stjórnarmenn sótt í gagnagrunninn.

Umræður.

Í umræðum kom m.a. fram að starfsmenn VR sem starfa með Starfsmenntanefnd VR hafi unnið gríðarlega gott starf með nefndinni og óskað eftir því að þeim væru færðar þakkir og hrós fyrir sitt framlag.

Að því búnu bar Ragnar Þór upp menntastefnu VR 2020 – 2022 upp til samþykktar eins og hún hafði nú verið kynnt.

Samþykkt samhljóða.

Menntastefnan er þá þannig í heild sinni:

“Menntastefna VR 2020-2022

VR leggur áherslu á að félagsmönnum VR sé tryggður sá möguleiki að þróast í starfi á íslenskum vinnumarkaði, hvort um sé að ræða grunn nám, framhaldsnám, háskólanám eða annað sérhæft nám. VR kappkostar að félagsmönnum gefist kostur á að bæta við sig aukinni hæfni í takt við tæknibreytingar og stafræna þróun í íslensku samfélagi. VR tekur virkan þátt í þeim verkefnum í íslensku samfélagi sem talin eru til framdráttar varðandi frekari menntun og hæfni félagsmanna VR.

Helstu áherslupættir VR er varða menntastefnu VR 2020-2022 eru:

1. Aukin hæfni félagsmanna

- a. VR vill stuðla að aukinni menntun meðal félagsmanna sem ekki hafa lokið við grunnmenntun.
- b. VR leggur áherslu á að félagsmönnum gefist ávallt kostur á að auka hæfni sína með sí- og endurmenntun.
- c. VR hvetur félagsmenn sína til að á að undirbúa sig fyrir frekari breytingar og leiða til að takast á við mögulegar breytingar á störfum í framtíðinni.

2. Samvinna innan skólasamfélagsins í heild sinni

- a. VR er virkur þátttakandi í framþróun náms og námsúrræða fyrir félagsmenn.
- b. VR tekur þátt í verkefnum á öllum skólastigum.
- c. VR stuðlar að aukinni samvinnu við símenntunarmiðstöðvar.
- d. VR vinnur með hagsmunaaðilum til aukinnar hæfni fyrir félagsmenn sína.

3. Síðbreytileg og uppfærð upplýsingagjöf til félagsmanna

- a. VR tryggir skýrt aðgengi félagsmanna að upplýsingum um frekara nám.
- b. VR upplýsir félagsmenn um hvaða breytingar geta orðið á vinnumarkaði og störf þeirra.

4. Raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf?

- a. VR stuðlar að því að hæfni sem félagsmaður hefur áunnið sér verði metin/skrásett.

- b. VR stuðlar að því að aðgengi í raunfærnimat í almennri starfshæfni verði gott
- c. VR stuðlar að því að raunfærnimat skili félagsmönnum ávinningi til styttingar á formlegu námi. "

6. Skipun í kjörstjórn VR 2021

Ragnar Þór lagði fram skjalið "*Kjörstjórn VR 2021*" dags. 4. desember 2020, sem var tillaga að skipan kjörstjórnar félagsins fyrir árið 2021 í samræmi við 19. gr. laga VR.

Lagt er til að eftirfarandi félagsmenn skipi kjörstjórn:

Aðalmenn:

Póra Skúladóttir Öfjörð, Vörubílastöðin Próttur.

Þorsteinn Þórólfsson, Húsasmiðjan

Varamenn:

Stefán Viðar Egilsson, Tengi ehf.

Silja Hlín Guðbjörnsdóttir, Nordic Visitor hf.

Í samræmi við 19. gr. laga VR er einnig lagt til að leitað verði til ASÍ með að skipa einn aðalmann og einn til vara í kjörstjórn VR.

Ragnar Þór bar nú upp ofangreinda tillögu um skipan kjörstjórnar VR árið 2021 til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

7. Launakjör formanns og framkvæmdastjóra

Sigríður Lovísa úr Launanefnd VR lagði fram skjalið "*Minnisblað um störf Launanefndar 2020*" dags. 2. desember 2020 og fór yfir efni þess. Í máli hennar kom m.a. fram að nefndin hafi fundað tvisvar á árinu 2020 og þar fjallað um tillögu að stjórnarlaunum og launakjörum formanns og framkvæmdastjóra VR. Þá kom fram að á aðalfundi VR hafi verið samþykkt tillaga Launanefndar um að formenn framkvæmdastjórna Sjúkrasjóðs VR og Orlofssjóðs VR auk varaformanns VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði og að 5.000 kr. greiðsla sé fyrir hvern setinn fund stjórnarmanna í nefndum VR.

Laun framkvæmdastjóra hækkuðu 1. apríl 2020 um 18.000 kr. sem var kjarasamningsbundin hækkun sem samið var um í kjarasamningum sem undirritaðir voru

3. apríl 2019. Formaður óskaði eftir að hann fengi ekki umsamda kjarasamningsbundna hækkun þann 1. apríl 2020 og hafa laun hans því verið óbreytt allt árið 2020.

Launakjör formanns VR eru í dag:

Laun: 1.183.611 kr. á mánuði, en þau voru byrjun árs 1.183.611 kr.

Bifreiðastyrkur: 29.600

Auk þess fær formaður greiðslu vegna formennsku í LÍV 298.602 kr. á mánuði sem var samþykkt á síðast þingi LÍV. Einnig fær hann greidd laun sem varaforseti ASÍ kr. 153.217,-. Formaður fær ekki aðrar greiðslur fyrir stjórnar- og nefndarstörf á vegum VR, LÍV eða ASÍ.

Launakjör framkvæmdastjóra eru í dag:

Laun: 1.463.855 kr. á mánuði en þau voru í byrjun árs 1.445.855 kr.

Bifreiðastyrkur: 84.888 kr. á mánuði

Auk þess fær framkvæmdastjóri VR greiðslu fyrir stjórnarformennsku í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 368.700 kr. á mánuði sem eru stjórnarlaun sem voru samþykkt á síðasta ársfundi Lífeyrissjóðsins.

8. Upplýsingatæknistefna

Stefán lagði fram skjalið *“Upplýsingatæknistefna VR – minnisblað des 2020”* dags. 3. desember 2020 og fór yfir efni þess. Í máli Stefáns kom m.a. fram að á síðustu mánuðum hefur verið unnin á vegum fjármála- og rekstrarsviðs VR greining á upplýsingatækniumhverfi notenda og kerfisþjónustu hjá VR, þar sem leitast var við að greina þá þætti í rekstri upplýsingatæknimála hjá VR, bæði tæknilega og mannlega, sem gætu ýtt undir álag á sérhæfða starfsmenn í upplýsingatækni og annað starfsfólk. Einn hluti þeirrar greiningar leiddi í ljós að æskilegt væri að félagið mótaði sér skýrari stefnu í upplýsingatæknimálum ásamt stafrænni stefnu.

Því sé lagt til að mótuð verði upplýsingatæknistefna VR með stjórn félagsins ásamt stafrænni stefnu sem tekur bæði á grunninnviðum og rekstri upplýsingatæknimála ásamt því hvernig VR hyggst nýta sér stafræna tækni/lausnir í rekstri VR á næstu árum.

Lagt er til að fyrst verði skipaður sameiginlegur vinnuhópur stjórnar og starfsfólks, sem hefði á að skipa aðilum sem koma að stefnumótun og rekstri allra sviða, ásamt aðilum sem þekkja vel rekstur og hlutverk VR. Í því skyni er óskað eftir að stjórn skipi fulltrúa úr sínum hópi í þessa vinnu sem tækju þátt með starfsfólki við mótun slíkrar stefnu og bauð Stefán fundarmönnum að gefa sig fram hefðu þeir áhuga.

Þeir sem gáfu kost á sér í vinnuhópinn voru:

Sigmundur Halldórsson

Bjarni Þór Sigurðsson

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson

9. Kaup á skrifstofu og orlofsíbúð í Vestmannaeyjum

Stefán lagði fram skjalið *“Vestmannaeyjar – kaup á húsnæði”* dags. 7. desember 2020 og fór yfir efni þess. Í máli Stefáns kom fram að á síðustu mánuðum hefur verið leitað að skrifstofuhúsnæði fyrir starfsemi félagsins í Vestmannaeyjum í samstarfi við FIT eftir að samstarfi félaganna tveggja um skrifstofurekstur með Starfsmannafélagi Vestmannaeyjabæjar var slitið.

Félögunum stendur til boða húsnæði að Heiðarvegi 7 í Vestmannaeyjum sem skiptist í tvö rými, annars vegar skráð 67 m² og hins vegar 75 m², þar sem möguleiki er á að innrétta

skrifstofuaðstöðu og huganlega orlofsíbúð í sitt hvorum hlutanum. Staðsetning að Heiðarvegi er mjög góð enda aðeins í um 300 m. fjarlægð frá landgangi Herjólfss.

Gera þarf smávægilegar breytingar á húsnæðinu til að geta sinnt þörfum félaganna tveggja.

Verð á þann hluta er 15-16 m.kr., en fer eftir hve miklar breytingar yrði ráðist í á húsnæðinu. Það verð myndi skiptast að jöfnu á milli VR og FIT. Einnig má gera ráð fyrir einhverjum búnaðarkaupum í aðstöðuna. Möguleiki er síðan á að kaupa annað rými í húsinu og breyta í orlofsíbúð. Íbúðin er skráð 75 m² og myndi vera með 2 svefnherbergjum. Verð á þessari einingu er 20,7 m.kr., með breytingum. Gera þarf síðan ráð fyrir innréttingum og búnaði í íbúðina til viðbótar.

Lagt er til að gert verði tilboð á þeim verðum sem fram koma hér að ofan í báða hlutana skrifstofurými og orlofsíbúðina.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór þessi kaup upp til samþykktar eins og þau voru nú kynnt.

Samþykkt samhljóða.

Kom fram að rafrænt umboð til þessa verði sent á fundarmenn til undirskriftar með rafrænum hætti.

10. Samanburður á styrkjum stéttarfélag

Stefán lagði fram skjalið *“Samanburður á styrkjum – minnisblað til stjórnar VR des 2020”* dags. 4. desember 2020 og fór yfir efni þess. Í máli Stefáns kom m.a. fram stutt yfirlit um

aðdraganda þess að VR varasjóður er stofnaður árið 2006 en fram að þeim tíma hafði verið að þróast styrkjakkerfi margra sérstakra styrkja úr sjúkrasjóði með fyrningum. Er það samskonar kerfi og er enn hjá öðrum stéttarfélögum.

Einn af þeim hvötum sem stuðluð að stofnun VR varasjóðs var löngun til að geta haft fjölbreyttara val og meira frjálsræði um hvar og hvernig félagsmenn nota styrkinn. Með varasjóði eru margar flugur slegnar í sama höggi þar sem frjálsræði og sveigjanleiki er meiri, sjóðurinn fyrnist ekki, allir félagsmenn fá til baka hluta iðgjalda í sjóðinn sem er sérgreind eign þeirra en samtryggingarþáttur sjúkrasjóðs heldur samt áfram.

Athyglisvert er að árið 2019 nýta 17.141 félagsmenn VR (46% félagsmanna) sér styrki VR varasjóðs að upphæð 687 millj. kr. og er upphæð meðalstyrks kr. 40.063 en hjá t.d. Eflingu stéttarfélagi fengu 5.728 félagsmanna (20% félagsmanna) greidda styrki að upphæð 161 millj. kr. árið 2019 þar sem upphæð meðalstyrks er kr. 28.107.

Þá næst fór Stefán yfir samanburð á réttindum sjúkradagpeningagreiðslna milli félaganna VR, FVSA, BHM og RSÍ þar sem kom fram að hjá VR er lengsti rétturinn þ.e. 7 mánuðir auk þess sem ekki eru neinar hámarksgreiðslur og enginn frádráttur svo sem vegna greiddra upphæða frá Sjúkratryggingum fyrir sömu veikindin eins og tíðkast hjá hinum stéttarfélögum.

Umræður.

Í umræðum kom fram ósk frá Friðrik Boða um að teknar verði saman upplýsingar um nýtingu VR varasjóðs eftir tekjuhópum. Sagðist Stefán ætla að láta taka það saman.

11. Fjölmiðill á vegum stéttarfélaga

Ragnar Þór sagði frá því að hann auk Viðars Þorsteinssonar hjá Eflingu og Benónýs Harðarsonar hjá VM, hafi verið að kasta á milli sín hugmyndum um stofnun fjölmiðils á vegum verkalýðshreyfingarinnar. Það sé óformlegur starfshópur og vilja þeir nú taka málið lengra t.d. vegna komandi alþingiskosninga á næsta ári. Verkalýðshreyfingin verður stöðugt vitni að grímulausri sérhagsmunagæslu í hinum hefðbundnu fjölmiðlum og erfitt er að koma þar að okkar sjónarmiðum í sama mæli. Hreyfingin hefur áður rekið fjölmiðil sem var Alþýðublaðið en þess má geta að ASÍ hefur tekið 40 milljónir króna til hliðar vegna slíks verkefnis ef til kæmi.

Segja má að félögin séu að setja mikið fé í markaðsmál og miðlun upplýsinga og væri tækifæri að efla það með sameiginlegum miðli. Mun hann kalla eftir liðsauka til þessa verkefnis frá okkur í VR, frá ASÍ, Eflingu og VM.

Umræður.

Að lokinni dagskrá þakkaði Ragnar Þór stjórnarmönnum fyrir gott starf á starfsárinu sem nú er að líða og hlakkar hann til næsta árs um leið og hann óskar þeim öllum gleðilegrar hátíðar.

Fundi er slitið kl. 20:15

Árni Leósson, fundarritari